

Geðhjálp:  
**Ástand á  
Litla-Hrauni  
áhyggjuefni**

„Við höfum á fundi með heilbrigðisráðherra tekið fyrir slæman aðbúnað geðsjúkra í fangelsum. Þá höfum við itrekað við ráðuneytið að aðbúnaður geðsjúkra sé í molum,“ segir Ingólfur H. Ingólfsson, framkvæmdastjóri Geðhjálpar, vegna ástandsins á Litla-Hrauni þar sem enginn geðlæknir hefur komið síðan um áramót. Eins og DV hefur greint frá hafa tveir fangar svipti sig lífi á síðustu vikum og a.m.k. eitt tilvik er þar sem um alvarlega sjálfsvígstilraun var að ræða.



**Ingólfur H. Ingólfsson.**

„Þessi mál hafa verið okkur verulegt áhyggjuefni. Þá er ekki síst ófremdarástand hvað varðar réttar-geðdeildina á Sogni þar sem ekki er hægt að útskrifa þá sem eru heilbrigðir þar sem enga eftirfylgd er að hafa. Þar eru menn því án þess að þurfa þess. Það ríkir almennt mikið skilningsleysi á öllum þessum málum,“ segir Ingólfur. Sjá nánar á bls. 4 -rt